



ORKUSTOFNUN

Skýrsla Orkustofnunar til
lónaðarráðuneytisins um niðurgreiðslu á
húshitunarkostnaði

Benedikt Guðmundsson

Unnið fyrir lónaðarráðuneytið

OS-2011/06


Skýrsla Orkustofnunar til
lönaðarráðuneytisins um niðurgreiðslu á
húshitunarkostnaði

Benedikt Guðmundsson

Unnið fyrir lönaðarráðuneytið

OS-2011/06

978-9979-68-300-1

Skýrsla nr.: OS-2011/06	Dags.: 7. nóvember 2011	Dreifing: Opin x Lokuð ☐ Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Skýrsla Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytisins um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði	Upplag: 12	
	Fjöldi síðna: 16	
Höfundar: Benedikt Guðmundsson	Verkefnisstjóri: Benedikt Guðmundsson	
Gerð skýrslu / Verkstig:	Verknúmer:	
Unnið fyrir:		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur:		
Lykilorð:	ISBN-númer: 978-9979-68-300-1	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarið af: Guðna A. Jóhannessyni 	

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	7
2	NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2010.....	7
2.1	Almennar niðurgreiðslur	7
2.2	Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva	8
2.3	Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar.....	8
3	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2011	10
3.1	Almennar niðurgreiðslur	10
3.2	Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum.....	10
3.3	Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar.....	10
3.4	Jarðhitaleit á köldum svæðum.....	11
3.5	Orkusparnaðaráttak	11
3.6	Rekstur Orkustofnunar.....	11
3.7	Endurskoðuð áætlun ársins 2011	11
4	ÁÆTLAÐAR NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2012.....	12
4.1	Almennar niðurgreiðslur	12
4.2	Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum.....	13
4.3	Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar.....	14
4.4	Jarðhitaleit á köldum svæðum.....	15
4.5	Orkusparnaðaráttak	15
4.6	Umsjón og rekstur Orkustofnunar	15
5	TILLÖGUR.....	15
5.1	Niðurgreiðslur ársins 2012.....	15

MYNDASKRÁ

Mynd 1: <i>Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1982-2009 á verðlagi hvers árs og m.v. meðalvísitölu neysluverðs í árslok 2010</i>	7
---	---

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1: Áætlun iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2010	8
Tafla 2: Skipting niðurgreiðslna þéttbýli, dreifbýli og RO-veitur í millj. kr.	8
Tafla 3: Eingreiðslur til hitaveitna	9
Tafla 4: Ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2010	9
Tafla 5: Áætlun iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2011	10
Tafla 6: Áætlaðar eingreiðslur til hitaveitna árið 2011	10
Tafla 7: Endurreiknuð áætlun ársins vegna fjárlagaliðar 11-373 árið 2011	11
Tafla 8: Fjárlagaliður 11-373 niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði	12
Tafla 9: Tillaga OS að ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2012	12
Tafla 10: Áætlaðar eingreiðslur til hitaveitna árið 2012 til 2013	14


1 INNGANGUR

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Orkustofnun er samkvæmt lögum frá 2002 falið að hafa umsjón með málaflokknum og skila árlega skýrslu til iðnaðarráðherra. Í skýrslunni er að finna tölulegar upplýsingar frá 2010 um niðurgreiðslur til lækkunar á húshitunarkostnaði þeirra íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu. Þar er einnig að finna upplýsingur um sérstakar aðgerðir með sama markmiði, þ.e. niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva, eingreiðslur til stofnunar hitaveitna eða stækkunar eldri veitna, smávirkjanir og varmadælur, jarðhitaleit á köldum svæðum og svo kallað orkusparnaðaráttak. Skýrslan inniheldur einnig með sama hætti endurskoðaða áætlun fyrir árið 2011 og áætlun fyrir árið 2012. Skýrslan er gerð í september 2011, áður en fjárlög ársins 2012 liggja fyrir, og verður því áætlun ársins 2012 byggð á þeim drögum sem fyrir liggja frá iðnaðarráðuneytinu um skiptingu fjárlagaliðarins sem verður endurskoðaður lok desember 2011.

2 NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2010

2.1 Almennar niðurgreiðslur

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Samtals hefur verið varið úr ríkissjóði tæpum 30 milljörðum króna á núvirkni til lækkunar á húshitunarkostnaði þeirra íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu.



Mynd 1: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1982-2009 á verðlagi hvers árs og m.v. meðalvísitölu neysluverðs í árslok 2010, milljónir króna á ári.

Fjárveiting samkvæmt fjárlögum 2011, fjárlagaliðar 11-373, niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði, nam 1.129,8 m.kr. Sú breyting varð í byrjun árs að lagður var orkuskattur að upphæð 0,12 kr./kWst. á alla raforkunotkun. Sérstök aukafjárveiting, 30,8 m.kr. vegna orkuskatta bættist við fyrri áætlunir um niðurgreiðslur sem upphaflega hljóðuðu upp á 950 m.kr. Þær reyndust, þegar upp var staðið, mun lægri en ráð var fyrir gert og munar þar mestu að hitaveituvæðing á rafhituðum svæðum var að skila sér að fullum þunga vött og breytt um landið. Áætlun iðnaðarráðuneytis um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 fyrir árið 2010 var eftirfarandi.

1. Niðurgreiðslur á húshitun	993.300
2. Orkusparnaðaráttak allt að 3%	33.000
3. Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	14.000
4. Jarðhitaleit	25.000
5. Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar	64.500
Samtals:	1.129.800

Tafla 1: Áætlun iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2010

Í töflu 1 má sjá hvernig niðurgreiðslur skiptast milli þéttbýlis, dreifbýlis og RO –veitna þ.e. hitaveitna sem nota rafmagn eða olíu til hitunar. Til dreifiveitna fóru 949,2 millj.kr. til lækkunar á raforkureikningi notenda.

Ár 2010	RARIK	OV	HSV	Rafveita Reyðarfj.	OR	Norðurorka	Samtals m.kr.
Rafhitun þéttbýli	245,5	66,6	21,1	29,1	4,2	1,0	367,5
Rafhitun dreifbýli	352,9	37,8	0	0	0	0	390,7
Rafhitun frá RO-veitu	35,5	83,7	71,8	0	0	0	191,0
Samtals millj. kr.	633,9	188,1	92,9	29,1	4,2	1,0	949,2

Tafla 2: Skipting niðurgreiðslna þéttbýli, dreifbýli og RO-veitur í millj. kr.

2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva

Á árinu 2010 voru niðurgreiðslur vegna olíuhitunar 9,9 m.kr. sem er hækkun um 1,9 m.kr. milli ára. Niðurgreiðslur til eigenda heimarafstöðva voru 4,5 m.kr. Til þessa málaflokks fóru alls 14,4 m.kr. Samtals námu niðurgreiðslur vegna húshitunar frá dreifiveitum, heimarafstöðvum og vegna olíuhitunar 963,6 m.kr.

2.3 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Frá því samþykktar voru breytingar á niðurgreiðslulögunum á árinu 2009 í þá veru að gefa notendum kost á því að sækja um styrk vegna bættrar orkunýtingar, gegn því að lækka niðurgreiðsluhlutfallið hjá viðkomandi notanda, hafa tugir notandi nýtt sér eingreiðslu og náð verulegum sparnaði í húshitunarkostnaði. Á árinu 2010 námu eingreiðslur vegna vistvænnar orkuöflunar og eingreiðslur til hitaveitna 31,0 m.kr. og til hitaveitna, vegna lagningar hitaveitu á rafhituðum svæðum 58,9 m.kr. sem skiptist samkvæmt töflu 2 þannig:

Veita	Til greiðslu árið 2010 kr.
Hitaveita Eskifjarðar uppgjör eldri verkefna	1.570.341
Hólsgærði einkahitaveita	1.296.000
Bláskógarveita, stækkun veitusvæðis	3.995.136
Selfossveitur, stækkun veitusvæðis	6.287.488

Einkahitaveita Hagi 1 og Hagi 2 og Drangshlíð	2.516.570
Norðurorka v/ nýrrar hitaveitu í Eyjafjarðarsveit	24.000.000
Orkuveita Húsavíkur stækkun veitusvæðis	1.024.000
Norðurorka, uppgjör eldri verkefna	6.000.000
Tjarnarveita, stækkun veitusvæðis	2.453.652
Orkuveita Reykjavíkur uppgjör eldri verkefna	1.375.691
Hitaveita Hvammstanga stækkun veitusvæðis	1.731.456
Hitaveita Egilsstaða og Fella stækkun veitusvæðis	6.688.794
Alls	58.939.128

Tafla 3: Eingreiðslur til hitaveitna

2.4 Smávirkjana- og varmadæluverkefni

Ákveðið var að verja þeim fjármunum sem til ráðstöfunar voru til endurútgáfu á handbók um litlar vatnsaflsvirkjanir en greiðsla fyrir verkefnið var innt að hendi á árinu 2009. Nokkrir kaflar handbókarinnar voru úreltir, sérstaklega hvað varðar lagaramman og leyfismál. Ný uppfærð handbók kom út á vordögum.

2.5 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Heimilt er að verja allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna vegna húshitunar, til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Það er iðnaðarráðherra að ákvarða hverju sinni hversu miklu skuli varið til jarðhitaleitar og á árinu 2010 var ákvörðun ráðherra, samkvæmt ráðleggingum Orkustofnunar, að verja 25 millj.kr. til jarðhitaleitar.

2.6 Orkusparnaðaráttak

Áfram var unnið að þeim verkefnum sem farið var af stað með fyrir tveimur árum ásamt verkefnum tengdum varmadælum og bættri orkunýtingu. Á árinu var m.a. styrkjum vegna endurglerjunar úthlutað og fylgst verður með hvaða árangri það skilar á næstu árum. Um 260 aðilar sóttu um styrk og fengu um 170 manns styrk frá Orkusettri.

- Við mat á umsóknum var horft til aldurs og orkunotkunar húsnæðis.
- Upphæð styrks til einstakra verkefna gat numið allt að kr. 300.000 en þó aldrei hærri upphæð en 50% glerkostnaðar.

2.7 Umsjón og rekstur Orkustofnunar

Orkustofnun fékk á árinu 14 m. kr. vegna umsjónar með niðurgreiðslum til húshitunar.

2.8 Niðurstaða ársins 2010

Niðurgreiðslur á árinu 2010 urðu um 30 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Samkvæmt heimild iðnaðarráðherra var mismuninum ráðstafað til að auka greiðslur stofnstyrkja til hitaveitna, sem þá urðu alls 89,9 m. kr.

	Áætlun 2010	Niðurstaða ársins 2010
1. Niðurgreiðslur á húshitun	993.300.000	963.697.445
2. Orkusparnaðaráttak allt að 3%	33.000.000	33.000.000
3. Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	14.000.000	14.000.000
4. Jarðhitaleit	25.000.000	25.000.000
5. Stofnstyrkir	64.500.000	89.939.128
Samtals:	1.129.800.000	1.125.636.573

Tafla 4: Ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2010

Niðurstaða ársins sýnir að fjárlagaliður 11-373 nýtist ekki alveg að fullu og er ástæða þessa m.a. lægri niðurgreiðslur og minni framkvæmdir hjá hitaveitum á rafhituðum svæðum.

3 ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2011

3.1 Almennar niðurgreiðslur

Samkvæmt upphaflegri tillögu að frumvarpinu til fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir verulegum niðurskurði á fjárlagalið 11-373, niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Í meðförum Alþingis tók frumvarpið verulegum breytingum og m.a. ákveðið að afnema endurgreiðslur virðisaukaskatts af rafhitun. Til þess að bæta notendum með rafhitun þá hækkun, sem annars yrði á raforkureikningi heimilanna, var ákveðið að leggja 140 m.kr. til fjárlagaliðarins. Iðnaðarráðuneytið gerði, að tillögu Orkustofnunar, áætlun um skiptingu fjárlagaliðarins eins og fram kemur í töflu 5.

1. Niðurgreiðslur á húshitun*	1.059.375.106
2. Orkusparnaðaráttak allt að 1,5%	17.140.500
3. Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	12.000.000
4. Jarðhitaleit	0
5. Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar	54.184.394
Samtals:	1.142.700.000

Tafla 5: Áætlun iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2011

*Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna eru 1.045 m.kr. og 14 m.kr. eru vegna notenda með olíuhitun og heimarafstöðvar, samtals 1.059 m.kr.

3.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum

Verð á gasolíu til húshitunar hefur farið hækkandi á árinu 2011 og það er ekkert sem bendir til annars en að hún haldi áfram að hækka. Í áætlun ársins var gert ráð fyrir að verðið myndi liggja á bilinu 110 til 120 kr./l. Niðurgreiðslur til notenda með heimarafstöðvar voru lækkaðar úr 2,23 kr./kWst í 1,50 kr./kWst. Niðurgreiðslur til þessara aðila verða um 14 millj.kr. á árinu.

3.3 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Orkustofnun gerði ráð fyrir að greiða upp fyrri skuldbindingar við hitaveituframkvæmdir frá árinu 2010. Einnig hafa komið inn nýjar litlar hitaveitur með beiðni um eingreiðslu vegna tengingar við notendur með rafhitun. Í töflu 6 má sjá hvaða framkvæmdir eru í gangi en ekki er að fullu ljóst ennþá, hvað þarf að greiða mikið af upphæðinni út á árinu 2011, þar sem framkvæmdum er ekki að fullu lokið eða notendur eru ekki enn byrjaðir að nota heita vatnið.

Veita	Eingreiðsla	Fráðregið Jarðhitaleit	Begar greitt 2011	Eftirstöðvar
Norðurorka v/ hitaveitu í Eyjafjarðarsveit	27.900.000	0	24.000.000	3.900.000
Hitaveita Egilsstaða og Fella	21.242.342	0	6.700.000	14.542.342
Hitaveita sunnan Hvammstanga	4.590.029	0	1.700.000	2.890.029
Skagafjarðarveitur í Sæmundarhlíð	12.142.140	0	0	12.142.140
Hitaveita Borðeyri	10.819.359	0	0	10.819.359
Alls	76.693.870	0	32.400.000	44.293.870

Tafla 6: Áætlaðar eingreiðslur til hitaveitna árið 2011

Þá eru ótaldar framkvæmdir hjá nýstofnaðri Hitaveitu Norðurfjarðar í Árneshreppi á Ströndum og Hitaveitu Vesturbyggðar, Krossholti, en ekki liggur fyrir hverjar eingreiðslurnar verða á viðkomandi stöðum. Umsóknir um eingreiðslur vegna vistvænnar orkuöflunar berast stöðugt frá notendum og það sem liðið er ársins hafa verið greiddar út um 27,0 m.kr. og gefnir út samningar fyrir 12,0 m.kr. til viðbótar en viðkomandi umsækjendur hafa ekki skilað inn þeim gögnum sem þarf til að fá útborgaðan styrkinn. Þær 54,1 m.kr. sem til ráðstöfunar eru verða fullnýttar.

3.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Orkustofnun hefur ekki getað mælt með því að verja fjármunum af fjárlagaliðnum til jarðhitaleitar vegna takmarkaðra fjármuna til annarra verkefna en beinna niðurgreiðslna. Mikill og vaxandi áhugi er fyrir uppsetningu á varmadælum í dreifbýlinu. Taka þarf ákvörðun annarsvegar um hvar lögð skuli áhersla á varmadæluvæðingu og hinsvegar jarðhitaleit og hitaveituf framkvæmdir. Orkustofnun hefur áður nefnt þörfina á því að endurskoða og leggja mat á árangur jarðhitaleitar og hagkvæmni hitaveituvæðingar í dreifbýli.

3.5 Orkusparnaðaráttak

Hugmyndir eru í gangi um að nýta þá fjármuni sem eru til reiðu í orkusparnaðaráttak til að gefa íbúum Grímseyjar kost á styrk til endurglerjunar. Áætlað er að hægt sé að spara allt að 25% af núverandi orkunotkun með endurglerjun allra íbúðarhúsa í eyjunni.

3.6 Rekstur Orkustofnunar

Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins fær Orkustofnun 12 m.kr. árið 2011 vegna umsjónar og eftirlits með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði.

3.7 Endurskoðuð áætlun ársins 2011

Endurskoðuð áætlun bendir til þess að beinar niðurgreiðslur verði eitthvað lægri en ráð var fyrir gert en þess ber að geta að síðustu þrír mánuðir ársins eru öllu jafna dýrari en meðaltals útkoma hvers mánaðar. Olíuniðurgreiðslur verða töluvert meiri en ráð var fyrir gert að því gefnu að olíuverð haldi áfram að hækka út árið 2011. Orkustofnun telur æskilegt að nýta mismuninn til þess að greiða út loforð ársins um eingreiðslur til einstaklinga eins og fjármunirnir leyfa.

	Endanlegt niðurstaða skv. fjárlögum 2011	Staðan 1.sept. 2011	Hlutfall af ráðstöfunarfé	Ný áætlun 2011
1. Niðurgreiðslur á húshitun	1.045.375.106	680.646.000	65,1%	1.020.969.000
2. Olía og einkarafstöðvar	14.000.000	8.696.000	62,1%	17.392.000
3. Orkusparnaðaráttak 1,5%	17.140.500		0,0%	17.140.500
4. Umsjón Orkustofnunar	12.000.000	6.000.000	50,0%	12.000.000
5. Jarðhitaleit	0		0,0%	0
6. Stofnstyrkir	54.184.394	26.911.912	49,7%	75.198.500
Samtals:	1.142.700.000	722.253.912	63,2%	1.142.700.000

Tafla 7: Endurreiknuð áætlun ársins vegna fjárlagaliðar 11-373 árið 2011

Áætlun ársins 2012 byggir eingöngu á þeirri áætlun sem liggur fyrir Alþingi og hefur ekki verið samþykkt. Orkustofnun mun endurskoða áætlunina um leið og Alþingi hefur tekið afstöðu til fjárlagaliðar 11-373.

4 ÁÆTLAÐAR NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2012

Fjárveiting samkvæmt fyrstu tillögu að fjárlögum 2012, fjárlagalið 11-373 niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði, er 1.172,0 m.kr sem skiptist þannig:

Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði	m.kr
Frumvarp 2011 fjárlagaliður 11-373	1.142.700.000
Aðhaldstillaga	-29.400.000
Verðlagsuppfærsla	58.700.000
Samtals til fjárlagaliðar 11-373 fyrir 2012	1.172.000.000

Tafla 8: Fjárlagaliður 11-373 niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði

Fjárveitingin skiptist á 5 verkefnaliði en í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er nánar mælt fyrir um úthlutun þessa fjár, m.a. hvernig fjárveitingunni skuli deilt á verkefnaliði. Í lögunum er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur og greiðsla kostnaðar af umsjón og eftirliti gangi fyrir, en að heimilt sé að verja allt að 20% heildarfjárveitingar til stofnstyrkja, allt að 5% af heildarfjárveitingu til jarðhitaleitar og allt að 3% til orkusparnaðaraðgerða.

4.1 Almennar niðurgreiðslur

Tillaga Orkustofnunar um ráðstöfun fjármuna af fjárlagalið 11-373 fyrir árið 2012 er byggð á ofanskráðri tillögu þar sem gert er ráð fyrir 1.172,0 m.kr. til fjárlagaliðar 11-373, niðurgreiðslur á húshitun.

Frumvarp til fjárlaga 2012 fjárlagaliðurliður 11-373	Endanlegt niðurstaða Skv. fjárlögum 2011	Tillaga OS (A) Skv. fjárlögum 2012	Mismunur
1. Niðurgreiðslur á húshitun	1.046.200.000	1.014.300.000	-31.900.000
2. Olía og einkarafstöðvar	14.000.000	8.000.000	-6.000.000
3. Orkusparnaðaráttak allt að 1,5%	17.140.500	17.000.000	-140.500
4. Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	12.000.000	12.000.000	0
5. Jarðhitaleit	0	0	0
6. Stofnstyrkir til hitaveitna og vistvænnar orkuöflunar	53.359.500	120.700.000	67.340.500
Samtals:	1.142.700.000	1.172.000.000	29.300.000

Tafla 9: Tillaga OS að ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2012

1. Niðurgreiðslur á húshitun

Gert er ráð fyrir lækkun milli ára á niðurgreiðslu til húshitunar verði samtals 31.9 m.kr. sbr. töflu 9. Þessi lækkun skiptist milli eftirfarandi liða:

a) Lækkun niðurgreiðslna á húshitun

Orkustofnun gerir ráð fyrir að beinar niðurgreiðslur lækki um 12 m.kr. milli ára vegna stofnstyrkja til hitaveitna, varmadæluvæðingar og endurbótastyrkja. Samtals lækkun 12.m.kr.

b) Niðurfelling ¼ niðurgreiðslu á húshitun

Samkvæmt lögum nr. 78/2002 er heimilt að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignaskrá Íslands þótt þar sé ekki föst búseta. Heimildin nær til þess að greiða niður orkumagn sem svarar til fjórðungs af því orkumagni sem niðurgreitt er vegna þeirra íbúða sem njóta niðurgreiðslna á grundvelli 1. mgr. Niðurfelling þessarar heimildar sparar u.þ.b. 8,5 milljónir króna 2012. Notendur með ¼ niðurgreiðslu eru 303 og síðan væri hægt með samhæfingu gagna frá þjóðskrá, fasteignamati og dreifiveitu finna töluvert fleiri sem í dag eru með fulla niðurgreiðslu þrátt fyrir að ekki sé um búsetu að ræða. Að framkvæma þessa aðgerð mun kosta töluvert og spurning hvort það svari kostnaði. Samtals lækkun 8,5 m.kr.

Heimildarákvæð sem kallar ekki á breytingu á lögum nr. 78/2002

c) Niðurfelling niðurgreiðslna til kirkna, safna, félagsheimila, björgunarsveita o.fl.

Samkvæmt lögum nr. 78/2002 skal kostnaður við hitun kirkna, bænahúsa trúfélaga, safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita niðurgreiddur á sama hátt og hitun íbúða. Niðurfelling þessara niðurgreiðslna myndi spara u.þ.b. 20 m.kr. Væri hitun kirkna áfram niðurgreidd yrði sparnaðurinn um 11,4 m.kr. Í tillögu Orkustofnunar er gert ráð fyrir að áfram verði kirkjur, bænahús og trúfélög niðurgreidd en fjöldi þeirra er 160. Fjöldi safna, félagsheimila og björgunarsveitahúsa, sem eru skráð með niðurgreiðslu, er 102 en sá hópur er mjög erfiður hvað varðar skráningu í samræmi við notkun. Í lögnum er gert ráð fyrir sérmældri hitun en það er erfiðleikum bundið að framfylgja því þar sem hvorki dreifiveitur né Orkustofnun hefur hönd í bagga með uppsetningu mæla á viðkomandi stöðum og getur orðið mjög dýrt fyrir notendur að þurfa að breyta eftir að hafa fengið rafvirkja til setja upp rafmagnstöfluna þar sem hefur verið sett upp sammæling. Þá er einnig erfitt að framfylgja því hvort um blásturshitun er að ræða, sem ekki á að niðurgreiða, eða hvort um hefðbundna hitun er að ræða.

Starfshópur, sem skipaður var af iðnaðarráðherra, um endurskoðun á lögum um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði, útfærslu á framkvæmd og fjármögnun, hefur farið yfir tillögur Orkustofnunar og tekur hópurinn undir allar tillögurnar nema lið c) Niðurfelling niðurgreiðslna til kirkna, safna, félagsheimila, björgunarsveita o.fl.

Endurskoðuð tillaga er um áframhaldandi niðurgreiðslu til kirkna. Samtals lækkun 11.4 m.kr. Þessi leið krefst breytingar á lögum nr. 78/2002.

4.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum

Samkvæmt ofanskráðri tillögu er gert ráð fyrir að þessi liður lækki um 6,0 m.kr. milli ára. Það gerist með því að auka nýtingarkröfu hjá notendum með olíuhitun og niðurfellingu niðurgreiðslna til eigenda heimarafstöðva.

a) Niðurfelling niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar frá heimarafstöðvum

Raforkunotkun frá heimarafstöðvum er niðurgreidd. Í upphafi ársins 2011 voru þessar niðurgreiðslur skertar um 1,5 m.kr. Niðurfelling þessara niðurgreiðslna myndi nú spara um 3,0 m.kr. Í dag er eigendur heimarafstöðva, með niðurgreiðslu, að fá 1,5 kr/kWst en á sama tíma þurfa þeir að leigja mæla til að fylgjast með raforkuframleiðslunni sem kostar þá þriðjung af því sem þeir geta mest haft í niðurgreiðslu á ársgrundvelli. Það má einnig hugsa sér að eigendur heimarafstöðva gætu sótt um eingreiðslu til að endurnýja og auka rekstraröryggi stöðvanna gegn því að fara af niðurgreiðslum.

Samtals lækkun 3 m.kr.

Þessi leið krefst breytingar á lögum nr. 78/2002.

b) Hækka nýtingarkröfu olíukatla á svæðum utan samveitna

Þegar lög um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði voru sett árið 2002 var gengið út frá 75% nýtingu olíukatla. Í dag eru nýjust olíakatlar með allt að 95% nýtingu og vitað er að sumir notendur utan samveitna hafa endurnýjað búnað sinn sem bætt hefur nýtingu hjá þeim verulega. Útfærslan gæti verið með þeim hætti að bjóða notendum eingreiðslu til kaupa á nýjum búnaði í samræmi við þann sparnað sem ríkisvaldið sparar við hærri nýtingarkröfu. Með nýtingarkröfu upp á 90% myndu sparast um 3,0 m.kr árlega vegna olíuniðurgreiðslna. Í dag er verið að niðurgreiða olíunotkun niður í meðal niðurgreitt raforkuverð í dreifbýli og nemur niðurgreiðslan um 12 kr/kWst sem er næstum tvöföld niðurgreiðsla í dreifbýli. Samtals lækkun 3 m.kr.

4.3 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Eingreiðslur til hitaveitna ráðast af verkhraða og ólíklegt að það verði einhver stór verkefni til útborgunar á árinu. Hinsvegar liggja fyrir hugmyndir um stórar hitaveitur á rafhituðum svæðum sem kalla á miklar eingreiðslur á árinu 2013.

Veita	Áætluð	Athugasemd
Hitaveita frá Blönduósi til Skagastrandar	142.000	Skagaströnd og sveitin
Norðurorka v/ Hörgárbyggðar	40.000	Enn í athugun
Verkefni frá árinu 2011 vegna Borðeyrar	10.800	Eftirstöðvar frá 2011
Stækkun hitaveitu í Eyjafjarðarsveit	8.000	Enn í athugun
Verkefni frá árinu 2011 vegna Norðurfjarðar	2.500	Í vinnslu
Hitaveita sunnan Hvammstanga	2.900	Eftirstöðvar frá 2011
Verkefni frá árinu 2011 hjá Skagafjarðarveitu	5.000	Eftirstöðvar frá 2011
Samtals til greiðslu 2011 til 2013	211.200	

Tafla 10: Áætlaðar eingreiðslur til hitaveitna árið 2012 til 2013

Önnur smærri verkefni tengjast lagningu hitaveitu á örfáa bæi hér og þar um landið. Má þar nefna hitaveitu í Vesturbyggð við Krossholt, lagningu hitaveitu í Bjarnarfirði ásamt verkefnum hitaveitna sem eru að stækka veitusvæði sitt með tengingu við nokkra bæi á hverjum stað.

Áhugi notenda á varmadælum og öðrum úrræðum sem leiða til minni orkukostnaðar til húshitunar hefur farið vaxandi og námu eingreiðslur ársins 2009 um 10 m.kr. vegna þessa en á árinu 2010 fóru þær upp í 40 m.kr og það sem er af árinu 2011 nemur upphæðin 35 m.kr. Reikna má með svipaðri eftirspurn á árinu 2012.

Verið er að leggja hitaveitu í Sæmundarhlíðinni í Skagafirði, þar sem eingreiðslan er um 10 m.kr.sem greiðist að hluta út á þessu ári og það sem útaf stendur á árinu 2012.

Hugmyndir um hitaveitu framarlega í Hörgárdal, sem hefur verið til skoðunar frá árinu 2009 kallar á eingreiðslu að upphæð 57 m.kr.

Önnur smærri verkefni tengjast lagningu hitaveitu á örfáa bæi hér og þar um landið. Má þar nefna hitaveitu í Vesturbyggð við Krossholt, hitaveitu í Norðurfirði í Árneshreppi, lagningu hitaveitu í Bjarnarfirði ásamt verkefnum hitaveitna sem eru að stækka veitusvæði sitt með tengingu við nokkra bæi á hverjum stað.

Áhugi notenda á varmadælum og öðrum úrræðum sem leiða til minni orkukostnaðar til húshitunar hefur farið vaxandi og námu eingreiðslur ársins 2009 um 10 m.kr vegna þessa en á árinu 2010 fóru þær upp í 40 m.kr og það sem er af árinu 2011 nemur upphæðin 35 m.kr. Reikna má með svipaðri eftirspurn á árinu 2012. Það ræðst þá af því hvort tillaga (A) verður

ofaná um hvað hægt verður að afgreiða mikið af umsóknum um eingreiðslur frá hitaveitum og einstaklingum á árinu 2012.

Þær lagabreytingar sem gera þarf þurfa að koma til framkvæmdar fyrir árslok 2011 svo hægt verði að lesa af raforkumælum hjá öllum þeim sem myndu missa niðurgreiðslurnar samkvæmt ofanskráðum tillögum. Óvíst er um hver greiða eigi kostnað vegna þessa en hann gæti legið ábilinu 1,5 til 2,5 m.kr.

Annar möguleiki væri sá að nota næsta ár í að kynna notendum væntanlegar breytingar svo þeir gætu sótt um eingreiðslu gegn því að missa niðurgreiðsluna eigi síðar en í árslok 2012.

Ef ekki verður farið út í þær breytingar sem Orkustofnun gerir tillögu um hér að framan lækka eingreiðslur um 25,9 m.kr. en beinar niðurgreiðslur hækka sem því nemur

4.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Orkustofnun hefur ekki getað mælt með því að leggja fjármuni af fjárlagaliðnum til jarðhitaleitar vegna takmarkaðra fjármuna til annarra verkefna en beinna niðurgreiðslna sérstaklega ekki í ljósi þess niðurskurðar sem reiknað er með að komi til framkvæmdar.

4.5 Orkusparnaðaráttak

Áfram verður unnið að þeim verkefnum sem Orkustofnun og Orkusetur hafa sameinast um. Á þessu stigi hefur ekki verið tekin ákvörðun um ráðstöfun eða til hverskonar verkefna.

4.6 Umsjón og rekstur Orkustofnunar

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins fær Orkustofnun 12 millj.kr. fyrir umsjón og eftirlit árið 2012.

5 TILLÖGUR

5.1 Niðurgreiðslur ársins 2012

Í samræmi við ofanskráð og 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar og fjárlög fyrir árið 2012 leggur Orkustofnun til við iðnaðarráðherra að fjárhæð niðurgreiðslna verði óbreyttar frá árinu 2011 og verði sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar verði:

á veitusvæði HS Veitna	2,97 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli.....	4,15 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	2,81 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar	2,53 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli.....	4,17 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	3,09 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur	3,16 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	2,85 kr./kWst.

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum.

Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum hjá RARIK skal vera 2,10 kr./kWst, hjá Orkubúi Vestfjarða 2,04 kr./kWst. og hjá HS Veitum 73,90 kr./m3.

- c) **Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**
Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðal raforkuverði til húshitunar í dreifbýli og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.
- d) **Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**
Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 1,50 kr./kWst. (Ef tillögur Orkustofnunar verða samþykktar skv. minnisblaði frá 18. október þá fellur þessi liður út.)

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar og fjárlög fyrir árið 2011 leggur Orkustofnun til við iðnaðarráðherra að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 5.375 lítra af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar sem og hámark þeirra samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. janúar 2012.